

Reykjavík, 12. júní 2013

Niðurstöður athugunar á lánveitingum Sameinaða lífeyrissjóðsins til einstaklinga

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt athugun á lánveitingum Sameinaða lífeyrissjóðsins til einstaklinga, með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Athugunin fór fram á tímabilinu frá nóvember 2012 til janúar 2013 með öflun gagna vegna 38 útlána til einstaklinga og fyrirspurnum í tengslum við þau gögn. Niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á þeim upplýsingum sem aflað var og miðast við stöðuna á þeim tíma sem athugunin fór fram.

Að mati Fjármálaeftirlitsins eru fyrrgreindar lánveitingar lífeyrissjóðsins í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Athugunin leiddi þó í ljós að lánveitingarnar voru ekki í öllum tilfellum að öllu leyti í samræmi við lánareglur lífeyrissjóðsins og þörf er á að sjóðurinn bæti vinnulag við lánveitingar. Af þeim sökum gerði Fjármálaeftirlitið meðal annars eftirfarandi athugasemdir:

Kröfur sjóðsins í tengslum við veðtryggingar við lánveitingar samræmdust ekki í öllum tilfellum settum lánareglum. Í tveimur tilvikum voru lánveitingar sjóðsins miðaðar við áætlað verðmat fullbúinna eigna í stað ástands eignar á þeim tíma þegar lánið var veitt. Í öðru tilfallinu var um að ræða lán, þar sem greitt var út eftir verkframvindu, en veðandlag var hvorki fokhelt né brunatryggt. Í öðru tilviki veitti sjóðurinn lán á grundvelli verðmats í stað fyrirbyggjandi kaupsamnings en verðmatið var hærra en kaupverðið samkvæmt kaupsamningi. Lánsfjárhæð fór því yfir leyfileg veðmörk samkvæmt lánareglum sjóðsins.

Fjármálaeftirlitið beindi því til sjóðsins að haga framkvæmd við lánveitingar ávallt í samræmi við settar lánareglur.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn mun gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir með hvaða hætti athugasemdum og ábendingum eftirlitsins verður mætt fyrir 24. júní n.k.

Í samræmi við 9. gr. a laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins birtir stofnunin hér með opinberlega niðurstöður nefndrar athugunar.